**154. löggjafarþing 2023–2024.**
**Þingskjal 1986 — 521. mál.**
**2. umræða.**

# Breytingartillaga

**við frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu).**

Frá Eyjólfi Ármannssyni.

5. gr. orðist svo:
Á eftir 6. málsl. 6. mgr. 12. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Óheimilt er að framselja eða leigja aflahlutdeild í grásleppu. Ef útgerð viðkomandi skips ætlar ekki að nýta aflahlutdeild skal aflahlutdeild skipsins endurúthlutað til annars skips.

## Greinargerð.

Lagt er til að banna framsal á grásleppu. Einnig er lagt til að endurúthluta skuli aflahlutdeild þeirra skipa sem ekki nýta aflahlutdeild sína.